

SEPTEMBER 2020

# ÁLFHÓLSSKÓLI

*Fréttir úr skólastarfi*



*Skólasetning í 1.bekk*

## KÆRU FORELDRAR/FORRÁÐMENN

Nú eru fyrstu vikur skólaársins afstaðnar og óhætt að segja að þær hafi farið vel af stað.

Við byrjuðum skólaárið á því að taka á móti nemendum með skólasetningu í heimastofum nemenda í 2.-10.bekk. Nemendur fengu jafnframt haustkynningu á starfi vetrarins, eins og venjan hefur verið, eftir skólasetningu en að þessu sinni fengu foreldrar/forráðamenn kynningarnar sendar frá umsjónarkennurum rafrænt.

Nemendum í 1.bekk var boðið í skólaboðunarviðtal með foreldrum og svo var formleg skólasetning á sal skólans fyrsta skóladaginn. Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri sagði nokkur orð, nemendurnir sungu saman vel valin lög og svo fengu allir afhenta eina rauða rós frá skólanum. Mikið sem við hlökkum til að kynnast þessum krökkum betur í vetur.

Fylgist með á miðlum skólans:

[Heimasíða skólans](#)

[Facebook](#)

[Twitter](#)



*Skólaetning í 8. bekk*

## KYNNINGARFUNDIR Í 1., 5. OG 8.BEKK

Í ljósi aðstæðna gátum við ekki boðið foreldrum nemenda í 1., 5. og 8.bekk á kynningarfundum eins og fyrirhugað var. Þess í stað hafa foreldrar/forráðmenn fengið sendar rafrænar kynningar um þær breytingar sem felast í að færast á milli skólastiga og kynningu á stoðkerfi skólans.

Vegna sóttvarna verður því miður að fresta fræðslufundum fyrir foreldra í 1. og 3. bekk um lestur og læsi sem áætlaðir voru í októberbyrjun. Við vonumst til að geta boðið upp á þessa fræðslu við fyrsta tækifæri.

## GÓÐUR GRUNNUR Í 1. OG 2.BEKK


Álfhólsskóli vinnur að þróunarverkefni í 1. og 2.bekk í samstarfi við Menntasvið og Kópavogsskóla. Eitt meginmarkmið verkefnisins er að auka snemmatæka íhlutun og því var verkefninu valið nafnið *Góður grunnur*.

Sálfræðingur, kennsluráðgjafi í íslensku sem öðru tungumáli og talmeinafræðingur starfa sem hluti af teymi fyrir árgangana. Þessir aðilar verða með ráðgjöf til kennara og fræðslu fyrir foreldra eftir þörfum og áhuga.

Verkefnið felur í sér öfluga teymisvinnu fyrir hvorn árgang sem heild og er lögð megin áhersla á að skólastarfið sé skipulagt með þarfir allra nemenda í huga. Minni áhersla er á sértæka vinnu tileinkaða ákveðnum nemendum. Þverfagleg þekking allra aðila er nýtt til að ná utan um ólíkar þarfir nemenda.

“

*Gildi  
september-  
mánaðar er  
VIRÐING*



*Nemendur í BÍP valinu Drekar og dýflissur*

## BLAND Í POKA Á UNGLINGASTIGI

Á síðasta skólaári fórum við af stað með þróunarverkefnið BÍP (bland í poka) á unglingastigi. Í BÍP er unnið með ákveðið viðfangsefni/þema í nokkrar vikur í senn þar sem ólíkar námsgreinar eru samþættar með áherslu á val, upplýsingatækni og lykilhæfni. Öll verkefnin eru skipulögð út frá hæfniviðmiðum þeirra námsgreina sem samþættar eru hverju sinni en að auki hafa nemendur tækifæri til að tengja sjálfir hæfniviðmið við verkefni sem þeir vilja efla hjá sjálfum sér ef þeir sjá færi til að sýna fram á hæfnina í gegnum verkefnið.

Nemendur eru í BÍP tímum einu sinni í viku í tvær klukkustundir í senn og einu sinni í viku í svokölluðu BÍP vali í klukkustund í senn.

Í BÍP vali fá nemendur tækifæri til að velja sér námskeið eða þemaverkefni út frá áhugasviði á átta vikna fresti. Þau námskeið sem boðið er upp á í BÍP vali geta verið breytileg hverju sinni, sum námskeið er boðið upp á oftar en einu sinni en önnur ekki. Í BÍP vali er blöndun á milli árganga í 9. og 10.bekk en 8.bekkur er sér.

Í allri BÍP vinnu reynir á lykilhæfni nemenda. Nemendur þurfa að vera skipulagðir, nýta margvíslega miðla í upplýsingaleit, úrvinnslu og miðlun. Einnig þurfa nemendur að vera skapandi í hugsun, sýna frumkvæði og áræðni. Síðast en ekki síst reynir á hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi, vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

“

*Gildi október-  
mánaðar er  
HJÁLPSEMI*



Nemendur í 7.bekk í vettvangsferð

## NEMENDAFULLTRÚAR ÖLL SEM EITT

Nemendafulltrúar Öll sem eitt 2020-2021 hafa verið valdir. Nöfn fulltrúana má sjá á [heimasíðu skólans](#).

Nemendafulltrúaráð ÖSE er liður í Skólamenningaráætlun Öll sem eitt en hún snýst um að vinna með allan hópinn og mynda jákvæða skólamenningu og liðsheild þar sem allir upplifa að þeir séu mikilvægur hluti af hópnum, eigi sér hlutverk og tilgang. Lögð er áhersla á að skapa og viðhalda menningu þar sem einelti og ofbeldi líðst ekki, menningu þar sem virðing, lýðræði, fjölbreyttir kennsluhættir, lífsleikni, jákvæð samskipti og samvinna allra aðila skólasamfélagsins eru í fyrirúmi. Nemendafulltrúaráð er virkt svo efla megi lýðræði, áhrif og ábyrgð nemenda. ÖSE ráðið á unglíngastigi hefur fundað tvisvar og má nálgast fundargerðir ráðsins inni á [heimasíðu skólans](#). Eitt af fyrstu verkefnum ÖSE ráðsins var að senda umboðsmanni barna bréf þar sem nemendur færðu rök gegn tillögum um að breytta viðmiðunarstundatöflu, en hún felur í sér minna val og meiri áherslu á íslensku og stærðfræði.

Verkefni ÖSE fulltrúa eru að:

Vera drifandi leiðtogar sem líða ekki einelti eða óæskilega hegðun og þora að mótmæla því.

Sýna gott fordæmi og umgangast aðra nemendur og starfsfólk af virðingu og umburðarlyndi.

Vera tenging milli starfsfólks og nemenda.

Leita til kennara og/eða námsráðgjafa ef minnsti grunur um alvarlegan samskiptavanda, einelti eða vanlíðan annars nemanda vaknar.

Vinna með gildi mánaða og hjálpa umsjónarkennurum að gera eitthvað sniðugt sem tengist hverju gildi.

Fylgjast vel með á [Bekkjarrými](#) (e. Google Classroom), þar fara fundarboð ÖSE og önnur samskipti fram (mið- og unglíngastig).

Vera höfundar að góðum skólabrag, vinna markvisst að því að efla jákvæða skólamenningu og samskipti.

“

*Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig !*



*Kennarar á G-PALS námskeiði*

## ENDURMENNTUN KENNARA

Álfhólsskóli fór af stað með PALS lestur á síðasta skólaári á yngsta og miðstigi. Mikil ánægja er meðal kennara og nemenda með aðferðina og töldum við okkur sjá góðan árangur af PALSINU. Af þeim sökum ákváðum við að bjóða kennurum upp á frekari endurmenntun í PALS. Kennarar á yngsta og miðstigi fóru á námskeið í G-PALS lestri, PALS lestri í síðustu viku með meters fjarlægð sín á milli og svo var stærðfræði PALS námskeið á Zoom í vikunni sem er að líða. Við hlökkum til að fylgjast með því þegar þessi námskeið komast í gagnid.

PALS aðferðin var þróuð af hjónunum Doug og Lynn Fuchs, sem bæði gegna prófessorsstöðum við *Peabody College* í *Vanderbilt University* í Tennesseefylki í Bandaríkjunum. Markmiðið með PALS er að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af nemendum í stafabekkingu, lestri eða stærðfræði með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). PALS nálgunin virkar mjög vel samhliða annars konar lestrar- og stærðfræðiaðferðum sem notaðar eru í almennri kennslu og í sérkennslu. Rannsóknir á PALS aðferðinni í lestri og stærðfræði hafa staðfest að flestir nemendur, hvort sem þeir eru afburðanemendur, í meðallagi eða slakir, sýna meiri framfarir en þeir sem ekki fá PALS þjálfun. Það sama gildir um nemendur sem glíma við námsörðugleika. Upplýsingar um rannsóknir á PALS má nálgast [hér](#).

“  
*Lestur er  
bestur!*”